

Ed.

984. Lög

um húsagerð ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 25. sept.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.
2. Íbúðarhús á Hvanneyri.
3. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
4. Skólahús á Eiðum.
5. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.